

Föstudaginn 13. apríl 1923.

Nr. 19/1923.

Rjettvísín

(Sigurður Sigurðsson)

gegn

Axel Peder Christjan Herskind.

(L. Fjeldsted).

Spurning um brot á 18. kap. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 27. desbr. 1922: Ákærður, Axel Peder Christjan Herskind, á að vera sýkn af ákæru rjettvisinnar í þessu máli. — Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða aukarjettardómi, ber að staðfesta hann.

Allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað ber að greiða af almannafje, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Sigurðar Sigurðssonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors, skal greiða af almannafje.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvisinnar hálfu gegn Axel Peder Christjan Herskind, cand. pharm. til heimilis í Vonarstræti 12 hjér í bænum, fæddum 4. október 1896, fyrir brot á ákvæðum

18. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og eru málavextir þeir, sem nú skal greina.

Langardaginn 4. f. m. klukkan milli 3 og 4 síðdegis kom Þórður nokkur Þórðarson frá Ráðagerði drukinn inn í lyfjabúðina nr. 19 við Laugaveg og ljét lyfsalinn, Stefán Thorarensen, hann út úr lyfjabúðinni og var Þórður þá svo drukinn, að lyfsalinn varð að styðja hann niður tröppurnar frá lyfjabúðinni, því hann treysti honum ekki til að ganga þær niður hjálparlaust. Þegar út úr lyfjabúðinni kom gekk Þórður upp með henni að vestanverðu og inn í portið og þar inn í skúr og hitti þar stúlku, sem hann var að biðja um að selja sjer eitthvað á glas en fjekk ekki eftir því sem vitnið Kristján Þorgrímsson Hoffmann hefir borið. Fór Þórður þá inn um bakdyr lyfjabúðarinnar á vinnustofu (laboratorium) sem þar er og ákærður vinnur í, og var þar með drykkjulæti. Bað ákærður Þórð þá að fara út og gegndi hann því, en með þrjósku. Fylgdi ákærður á eftir Þórði út í portið, en þar fór Þórður að kasta af sjer vatni. Fór ákærður þá til Þórðar og vildi fá hann út úr portinu. Varð hann að ýta Þórði á undan sjer því hann hálfþrjóskadist við að fara. Þegar úr porthliðinu kom tók ákærður í herðar Þórði og ýtti eða hrynti Þórði út úr portinu á götuna. Slangraði Þórður þá út á götuna, en hún var hál af bleytu, svo Þórður misti fótanna og fjell á rennusteinsbarminn með höfuðið, því hann kom ekki höndunum fyrir sig, og fjekk hann 5—6 centímetra langt blæðandi sár fyrir ofan vinstra augað. Gekk það inn að beini og var með talsvert tánum sárabörmum. Komu þá menn þar að, hjálpuðu Þórði á fætur, fóru með hann fyrst inn í lyfjabúðina og svo til læknis og er sár hans nú gróid. Þórður hefir krafist 200 króna af ákærdum í sára- og skadabætur.

Þórður hefir kannast við, að hann hafi verið nokkuð undir áhrifum vins við hið umrædda tækifæri, en ekki mikið drukinn, en þó, að hann muni ekki að hann hafi farið inn í portið eða yfirleitt eftir sjer frá því að honum var fylgt út úr aðaldyrum lyfjabúðarinnar og hann gekk upp með henni að vestan og þar til hann var reistur við á götunni eftir fallið.

Það er upplýst í málinu, að Þórður þessi hefir þráfaldlega komið drukinn inn í lyfjabúð þessa og vakið þar óróa og að lyfsalinn hefir gefið starfsmönnum sínum þá fyrirskipun að láta Þórð út, þegar hann komi þar inn drukinn.

Ákærður, sem ekki hefir áður sætt ákæru fyrir nokkurt

brot og fær besta orð fyrir þrúðmensku, hefir neitað því eindregið, að hann hafi ætlað sjer að meiða Þórð eða beitt hann harðari tökum en nauðsynlegt var til þess að fá hann út úr portinu og ekkert er komið fram í málinu, er ósanni þann framburð hans.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að ákærður hafi verið í sínum fulla rjetti er hann setti Þórð út úr portinu eftir það, sem á undan var gengið, og að meiðsli Þórðar hafi stafað af því, hve drukinn hann var við hið umrædda tækifæri. Verður því að sýkna ákærðan af ákæru rjettvísinnar í þessu máli og málskostnaðurinn að greiðast af almannafje. Eftir þeim úrslitum kemur skaðabótakrafa Þórðar Þórðarsonar ekki til álita.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið

Mánudaginn 16. apríl 1923.

Nr. 18/1923.

Rjettvísín

(Pjetur Magnússon)

gegn

Jakobi Sigurðssyni

(Magnús Guðmundsson).

Spurning um brot á 18. kap. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 22. desbr. 1922: Ákærður, Jakob Sigurðsson, á að vera sýkn af ákærum rjettvísinnar í máli þessu. Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða aukarjettardómi, ber að staðfesta dóminn, með þeirri athugasemd að í dóminum er skírskotað til 40. gr. hegningarlaganna í stað 41. gr.